



Nefndarþing Alþingis  
Velferðarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 10. febrúar 2021

**Efni: Umsögn um mál nr 424, frumvarp til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga (atvinnusjúkdómar, miskabætur ofl).**

Slökkviliðsstjórinn á Akureyri vill koma á framfæri sjónarmiðum sínum í umsögn um frumvarp frá heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015 (atvinnusjúkdómar, miskabætur ofl.), þingskjal 671, mál 424.

Slökkviliðsstjóri tekur undir það sem kemur fram í umsögn Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem hann hefur vitneskju um að hafi verið lögð fram.

Einnig skorar Slökkviliðsstjóri á að niðurstöður rannsókna viðkomandi málinu séu rýndar. Mikilvægt er að fara í vinnu við að tryggja að þeir starfsmenn slökkviliða sem greinast með krabbamein sem teljast samkvæmt vísindalegum niðurstöðum starfstengd séu verndaðir samkvæmt lögum þessum.

Slökkviliðsstjóri telur brýnt að þeir atvinnutengdu sjúkdómar sem rannsóknir hafa sýnt að slökkviliðsmenn séu útsettir fyrir séu viðurkenndir í lögum og einstaklingum sé tryggður bótaréttur vegna þeirra.

Virðingarfyllt,

**Ólafur Stefánsson**  
Slökkviliðsstjóri